

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS



GÚTTÓ ehf
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Loksins farinn að fá greitt fyrir vinnuna

Fjölskyldan var lengst af í þremur heimsálfum þegar hann var hjá Clearwater. Hann sjálfur í Asíu, eldri börnin á Íslandi en konan og yngri strákurinn í Kanada. – Gunnar Gaukur Magnússon véltækniþræðingur er í viðtali vikunnar, og þar kemur hugðarefnið Hvalárvirkjun ohjálkvæmlega meðal annars við sögu.

– sjá bls. 6-7.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 26. febrúar 2015 · 8. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



Vetrarleikur!

VARAHLUTIR OG
ANNAD SEM ÞARF
FYRIR BÍLINN



SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12
Opíð mánudaga til föstudaga 8-18
Opíð laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

– NYTT Á SUBWAY –

Elskaðu spinat

– GRÆNA BYLTINGIN –

Nú getur þú sett spinat á bátinn þinn - fritt

Spinat er á boðstólum í takmarkaðun tíma



SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS



auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR

→ → → → → → →

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Segir bæinn ekki hafa vald til að veita framkvæmdaleyfi

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir í svari til Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) að Ísafjarðarbær hafi ekki vald til að veita leyfi til lagningu sæstrengja. Lögfræðingur SFS sendi bréf til bæjarins í janúar þar sem fram kemur „að ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis fyrir lagningu sæstrengsins sé ólöglegt, þar sem ekki hafi verið gætt að lögbundnu samráði við afgreiðslu málsins.“

Gísli Halldór bendir á að í umsókn Neyðarlínunnar um framkvæmdaleyfi hafi umræddur strengur ekki verið kallaður sæstrengur, heldur rafstrengur. Umhverfisstofnun veitti leyfi til framkvæmdanna, sem skiptast í þrjá liði; lagningu strengs yfir Arnarfjörð, vegslóða á Laugabólshjalli og nýtt fjarskiptahús á Laugabólshjalli.

„Skilningur nefndarmanna í umhverfis- og skipulagsnefnd á erindinu sem lá fyrir nefndinni



Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

frá Neyðarlínu var sá að sótt væri um leyfi til að leggja rafstreng frá Hlaðsnesi og upp að mastri á Laugabólshjalli, enda ekki á valdi umhverfisstofndar að veita leyfi utan netlaga,“ segir í bréfi Gísla Halldórs til SFS. Hann var for-

maður umhverfisstofndar á fundinum þegar umsókn Neyðarlínunnar var tekin fyrir.

Gísli Halldór segir að hann hafi haft áhyggjur af lagningu sæstrengsins frá því að ljóst var að hann hafi verið lagður í trássi

við aðalskipulag og nýtingaráætlun Arnarfjarðar. Hann í bréfinu til SFS að afdrifaríkustu mistök Ísafjarðarbæjar í málinu hafi verið að benda ekki á að strengurinn bæri í bága við aðalskipulag og nýtingaáætlun. Strengurinn

slitnaði í haust og hafa rækju-skipstjórnar í Arnarfirði verið kærðir til lögreglu fyrir skemmdarverk. Þeir neita sök. Strengurinn þrengdi að gömlum og þekktum rækjumiðum.

– smari@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

GATNAGERÐ Á FLATEYRI – ENDURGERÐ GATNA OG HOLRÆSALAGNA

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Gatnagerð á Flateyri, endurgerð gatna, holræsalagna, gangstétta og götulýsingar.“ Um er að ræða endurgerð Ránargötu og Unnarstígs. Verkið felur í sér að skipta um jarðveg, endurnýja vatns- og holræsalagnir, gera burðarlag tilbúið undir malbik, leggja kantstein og hellur.

Helstu stærðir eru:

Vatnslagnir	380 m
Holræsalagnir	310 m
Gröftur	2.000 m ³
Hellulögn	350 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2015. Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 26. febrúar 2015. Tilboðin verða opnuð hjá Ísafjarðarbæ í Stjórnsýsluhúsinu, 2. hæð, 17. mars 2015 kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Ríflega 15 milljónir til fimm ferðamannastaða

Fimm verkefni á Vestfjörðum hljóta styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða við fyrstu úthlutun á þessu ári. Læknishúsið á Hesteyri (Hrólfur Vagnsson) fær 5 milljón króna styrk til að koma upp vatnsaflsvirkjun sem framleiða mun rafmagn til upphitunar sem leysir af olúkyndingu. Einnig mun framkvæmdin tryggja betri fjarskipti. Markmið styrkveitingar er að auka öryggi ferðamanna og styðja við sjálfbæra uppbyggingu. Þrísker ehf. (Frystihúsið í Flatey) fær 2,5 milljón króna styrk til uppsetningar á salernisaðstöðu og til að bæta aðgengi fyrir fatlaða. Markmið styrkveitingar er að auka möguleika ferðamanna, óháð líkamlegri getu, til að njóta þeirrar ferðaþjónustu sem nú er í boði í Frystihúsinu og í Flatey. Loks fær Súðavíkurbúinn 1,5 milljón króna styrk til skipulags og hönnunar í Reykjanesi við Djúp. Markmið styrkveitingar er að styðja sjálfbæra uppbyggingu og náttúruvernd á þessu svæði.

Þá fær Ólafsdalsfélagið 1,5 milljónir fyrir annan áfanga í endurreisn Ólafsdals í Gilsfirði.



Umhverfisstofnun fékk tæpar 5 milljónir fyrir Dynjanda.

Styrkinn á að nota til hönnunar og framkvæmda við fræðslustíg og aðrar gönguleiðir. Markmið styrkveitingar er að styrkja svæðið sem viðkomustað ferðamanna og auka aðgengi og ánægju ferðamanna. Loks fékk Umhverfisstofnun tæpar 5 milljónir fyrir Dynjanda, til að bæta aðgengi og viðhalda og byggja upp göngustíga og útsýnispalla. Markmið styrkveitingar er að draga úr álagi á náttúru, bæta öryggi og aðgengi

ferðamanna að svæðinu og gera það betur í stakk búið til að taka á móti þeim fjölda ferðamanna sem heimsækja svæðið.

Að þessu sinni fengu 50 verkefni styrk að fjárhæð samtals 175,7 milljónir króna, til hönnunar og framkvæmda á ferðamannastöðum. Alls bárust alls 103 umsóknir frá opinberum aðilum og einkaaðilum sem hafa umsjón með ferðamannastöðum víðs vegar um landið. Heildarupphæð styrkumsókna var rúmlega 831 milljón króna en heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 2 milljarðar króna.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða er nú á sínu fjórða starfsári og hefur frá upphafi úthlutað rúmlega 340 styrkjum að upphæð samtals tæplega 1,5 milljarðar króna. Fullyrða má að verulegur árangur hafi þegar náðst af starfi sjóðsins, segir á vef Ferðamálastofu. Víða um land má benda á spennandi verkefni sem orðið hafa að veruleika fyrir tilstuðlan þess fjármagns sem sjóðurinn hefur úthlutað, þótt vissulega sé enn víða þörf á úrbótum, segir þar einnig.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS B

Gott verð í Bónus



598
kr. kg.

Verð áður
698 kr.kg

Ali Grísabógur ferskur



1098
kr. kg.

Verð áður
1598 kr.kg.

Ali Ferskur úrb. gríshakki í sneiðum



1098
kr. kg.

Verð áður
1398 kr.kg.

Ali Ferskar grískótilettur m.beini



3598
kr. kg.

Upprunaland Þýskaland



229
kr. 1 kg.

Bónus
KORNBRAUÐ

30 KR.
VERÐLÆKKUN

Verð áður: 259 kr. 1 kg.



1998
kr. kg.

Upprunaland Ísland



1998
kr. kg.

Upprunaland Ísland



10%
FITA

1398
kr. kg.

Upprunaland Spánn

BÓNUS ÍS 2 LTR.
57 kr. verðlækkun

Verð áður: 416 kr. 2 ltr.



359
kr. 2 ltr.

BÓNUS heill steiktur
kjúklingur (kaldur)



998
kr. stk.ca.1100g



1498
kr. 500g.

Bláber frá Chile 500g



259
kr. 500ml.

Vit-Hit vitamin vatn



APPELSÍNUR
FRÁ SPÁNNI
189 KR.KG



298
kr. 250ml.



BONUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 1.mars

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Sæbjörg Freyja Gísladóttir, 843 0077, sfg@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Biðin verður dýrkeypt

Lengst af hefur linnulaust verið reynt að telja þjóðinni trú um að frjálst framsal aflaheimilda væri möndull kvótakerfisins. Í aðdraganda þingkosninga 2003 rofaði þó örlítið til þegar Halldór Ásgrímsson kvað uppúr með það að framsalið hafi alla tíð verið ágalli á kvótakerfinu og hafði orð á að auka bæri veiðiskylduna í 75%, gjafakvótinn var sagður hafa „sært réttlætiskennd þjóðarinnar.“ Og þar við sat.

Í fyrstu grein laga um stjórnun fiskveiða er skýrt til orða tekið: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Og: „Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Gleggra getur það vart orðið. Eigi að síður samþykkti Alþingi á sínum tíma, heimild til handa útgerðarmönnum að veðsetja aflaheimildir, (óveidda fiskinn í sjónum) til að bjarga bankakerfinu fyrir horn með einskisverða pappíra vegna útlána til kvótakaupa. Fleyg eru orð Kristjáns Pálssonar, fyrrum þingmanns, um þennan gjörn-ing: „Ég er ekki viss um að allir þingmenn geri sér grein fyrir hvað þeir voru að samþykkja.“ Eflaust er þetta eitt af verstu axarsköftunum Alþingis hvað kvótakerfið varðar.

Og ekki virðist þingheimur vera að hressast. Enn eina ferðina verður sitjandi sjávarútvegsráðherra að bergja af beiskum hagsmunagæslubíkar þingheims og lúta í gras. Áður boðað frumvarp um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu verður ekki lagt fram. Öllum hugsanlegum málamiðlunum verður fleygt til hliðar.

Við þá stöðu sem nú er uppi hvað endurskoðun kvótakerfisins varðar er ástæða til að minna á þá geigvænlegu stöðu sem mörg hinna smærri sjávarplássu á landsbyggðinni eru í vegna þeirra miklu aflaheimilda sem fluttar hafa verið landshorna á milli.

Uppgjöf sjávarútvegsráðherra leiðir af sér að með öllu er óvíst hvenær, eða yfir höfuð hvort Alþingi ber gæfu til að ganga svo frá málum að sjávarbyggðum verði tryggður varanlegur lágmarksréttur til sjósóknar. Eflaust þarf að sníða fjölda vankanta af kvótakerfinu. Krafa íbúa hinna fjölmörgu sjávarplássu er efst á blaði. Hún snýst um lífsviðurværi fólksins, aldagamlan rétt.

Biðin verður dýrkeyptari með hverju árinu sem líður. Hristi Alþingi ekki af sér slenið endar þetta ekki nema á einn veg. s.h.

Spurning vikunnar

Hvert ætlar þú í sumarfrí?

Alls svöruðu 332.

Innanlands sögðu 163 eða 49%

Erlendis sögðu 93 eða 28%

Fer ekki í frí sögðu 76 eða 23%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Frá tónleikunum í Ísafjarðarkirkju.

Markmiðinu náð

Styrktartónleikar fyrir Ingibjörgu Sigríði Guðmundsdóttur, sem fram fóru í Ísafjarðarkirkju í síðustu viku, fóru langt fram úr björtustu vonum að sögn Hlyn Hafbergs Snorrasonar, eins af skipuleggjendum tónleikanna. „Með kórnum sem komu fram held ég að það hafið verið rúmlega 400 manns á tónleikunum,“ segir Hlynur. Þetta voru seinni styrktartónleikarnir en áður voru tónleikar í Lindarkirkju í Kópavogi þar sem fram komu Fjallabræður og

Hinsegin kórinn. „Þessi fjáröflun hefur gengið gríðarlega vel og markmiðinu hefur verið náð,“ segir Hlynur. Markmiðið sem hann talar um er að tryggja fjármögnun á bíl og búnaði í bílinn fyrir hjólastól en vegna MND-sjúkdómsins glímur Inga Sígga við hreyfihömlun og sérútbúinn bíll stuðla að ferðafrelsi hennar. Búið er að tryggja fjármögnun á bíl og búnaði. Hlynur vill koma á framfæri tvennum skilaboðum frá Ingu Sögu og fjölskyldu hennar. „Í fyrsta lagi

þakklæti til allra þeirra sem hafa lagt þessu lið, með aðkomu að tónleikunum eða fjármunum. Þau eru orðlaus yfir þessari samkennd sem þarna birtist. Hin skilaboðin eru að þar sem markmiðinu hefur verið náð, óska þau þess að þeir sem eru aflögu-færir beini sjónum sínum að öðrum sem eru í þrengingum,“ segir Hlynur. Á tónleikunum komu fram Karla-kórinn Ernir, Sunnukórinn, Kvinnakórinn, Mugison og Jóhannes eftirherma. – smari@bb.is



Útlit húsanna.

Fyrirhuga að byggja tvö stálgrindarhús á Mávagarði

Vestfirskir verktakar ehf. á Ísafirði fyrirhuga á að byggja tvö stálgrindarhús á Mávagarði á Ísafirði á þessu ári. Húsin verða tvö og geta nýst til margra hluta, en skipulag lóðanna tekur mið af hafsækinni starfsemi. Alfreð Erl-

ingsson, framkvæmdastjóri Vestfirskra verktaka, segir að nú þegar hafi nokkrir aðilar haft samband og lýst yfir áhuga á verkefninu. Húsin eru þannig hönnuð að hægt er að skipta þeim upp í rými sem eru u.þ.b. 78 m² að

stærð eða stærri. Stórar innkeyrsludyr verða á húsinu og lægsta lofthæð 5,2 metrar og mesta lofthæð 6,8 metrar. Vestfirskir verkatakar hafa sótt um og fengið úthlutaðar lóðir undir húsin. – smari@bb.is

Lagt til að vernda vatnasvið Dynjanda

Tillaga að verndunar- og stjórnunaráætlunar Dynjanda í Arnarfirði hefur verið lögð fram. Þar er greint frá því að vatnasvið Dynjanda skuli verndað og að vatnsrennsli fossanna verði óskert og að fossinn Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá falli frjálssir og óheftir eins og náttúran ætlar þeim. Dynjandisá á upptök í nokkrum vötnum á Dynjandisheiði, aðallega í Stóra- Eyjavatni. Orkubú Vestfjarða áformar að veita vatni úr Stóra Eyjavatni í Mjólkkárvirkjun. Óumdeilt er að veitan mun minnka rennsli í Dynjanda en Orkubúið segir að rennslisminnkunin verði fyrst og fremst í leysingum síðla vetrar og á vorin, þegar fáir ferðamenn eru á svæðinu.

Umhverfisstofnun í samstarfi við Ísafjarðarbæ og landeigendur ákvað að gera áætlunina og hófst vinna við verkið í október á síðasta ári. Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá ásamt umhverfi þeirra var friðlýst sem náttúruvætti árið 1981. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda fossastigann í ánni sem hefur orðið til vegna lagskiptingar bergsins í hraunlög og lausari millilög. Í friðlýsingunni er opnað fyrir að vatnasvæði Stóra Eyjavatns verði nýtt og kveðið á um að skylt sé að hafa samráð við Umhverfisstofnum um vatnsmiðlun þar.

Náttúruvættið Dynjandi er mikilvægt í hugum margra og hefur margvíslegt gildi fyrir fólk, samfélag og náttúru. Eitt helsta leiðarljós fyrir verndun náttúruvættisins og viðhald gilda þess



er að ná sátt um málefni þess, nýtingu og verndun. Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda er að leggja fram stefnu um verndun þess og hvernig viðhalda eigi verndargildi svæðisins í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Sérstaða náttúruvættisins er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða mynd svæðisins.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til þriðjudagsins 31. mars nk. Hægt er að skila inn athugasemdum á ust@ust.is eða senda póst til Umhverfisstofnunar. – smari@bb.is

Áform Orkubús Vestfjarða fara gegn stefnu verndaráætlunar

Áform Orkubús Vestfjarða um að veita vatni úr Stóra Eyjavatni færu gegn þeirri stefnu sem er sett fram í drögum að verndar- og stjórnunaráætlun Dynjanda. Hákon Ásgeirsson, náttúrufræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að í drögnum sé sett fram stefna hvað varðar rennsli til fossanna og samkvæmt þeim sé æskilegt að stefnt sé að því að vernda allt vatnasvið Dynjanda. Í dag er Stóra Eyjavatn undanskilið vernduninni. Það er Ísafjarðarbæjar og RARIK, sem er landeigandi á Dynjanda, að samþykkja verndaráætlunina. Drög verndaráætlunarinnar unnu auk Hákons, þau Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar og Steinunn Huld

Atladóttir, gæða- og umhverfisstjóri RARIK.

Dynjandi var friðlýstur árið 1981 og þar var verndun vatnasviðs Stóra Eyjavatns undanskilin. Friðlýsingin hefur ekkert verið endurskoðuð frá þeim tíma. Í verndaráætluninni er verndun vatnasviðs Dynjanda orðuð svo: „Stuðla skal að verndun vatnasviðs Dynjandisár og að vatnsrennsli til fossanna verði óskert, að fossinn Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá falli frjálssir og óheftir eins og náttúran ætlar þeim. Umhverfisstofnun stefnir á að endurskoða auglýsingu um náttúruvættið og skerpa á reglum sem um það gilda.“

– smari@bb.is



Auglýsing um skipulagsmál í Reykhólahreppi

Um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Fremri-Gufudal Reykhólahreppi

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. febrúar 2015 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi í landi Fremri-Gufudals, Reykhólahreppi skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að ný íbúðarhúsalóð er skilgreind innan skipulagssvæðisins. Skipulagsmörkum er hnikað lítillega til vegna þessa og tekur deiliskipulagið því til 22,3 ha svæðis í stað 21,5 ha. Innan skipulagssvæðisins eru fjögur sumarhús, tvö íbúðarhús og útihús sem tilheyrja jörðinni.

Skipulagsbreytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag sem heimilar allt að þrjú íbúðarhús á jörð auk þeirra húsa sem fyrir eru.

Skipulagsuppdráttur ásamt greinargerð er til sýnis á skrifstofu Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, 380 Reykhólum frá 26. febrúar til 10. apríl 2015. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Athugasemdum skal skila til skipulags- og byggingarfulltrúa Reykhólahrepps fyrir 10. apríl 2015 og skulu þær vera skriflegar.

Berist ekki athugasemd innan tilskilins frests telst tillagan samþykkt.

Búðardal 20. febrúar 2015,
Bogi Kristinsson Magnúsen
skipulags- og byggingarfulltrúi.

Að mestu búinn að ná

Gunnar Gaukur Magnússon vél-tækni-fræðingur, sem síðari árin er búsettur á Ytri-Veðrará í Önundarfirði, á sér ekki mörg áhugamál í tómstundum þó að stundum bregði hann sér á hestbak. Tómstundirnar eru fáar og helsta áhugamál hans er og hefur verið um langt árabil vinnan að undirbúningi Hvalárvirkjunar á Ströndum. Að því verkefni stendur fyrirtækið VesturVerk ehf., en eigendur þess eru auk Gunnars þeir Valdimar Steinþórsson rekstrarfræðingur og Hallvarður E. Aspelund arkitekt og núna síðast einnig orkufyrirtækið HS Orka, sem er stórfyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Valdimar er hálfbróðir Gunnars og þeir Hallvarður og Gunnar bræðrasynir.

VesturVerk hefur gert samning til 60 ára við alla landeigendur í Ófeigsfirði á Ströndum um nýtingu vatnsréttinda til virkjunar Hvalár og Rjúkanda, ásamt samningi við landeigandann að Engjanesi, ítalskan barón, um vatnsréttindi Eyvindarfjarðarár. Auk þess hafa stofnendur VesturVerks keypt hluta í Ófeigsfjarðarjörðinni.

Byrjaði fyrir meira en 30 árum að spekulera í virkjunum

„Þetta virkjanaævintýri hófst hjá mér og Valda bróður í kringum 1983 þegar foreldrar okkar byggðu sumarbústað í Leirufirði í Jökulfjörðum. Þar sátum við oft í myrkri seint á sumrin og veltum fyrir okkur hvort ekki væri hægt að virkja ána. Síðan hefur þetta að virkja eiginlega verið manía. Reyndar má segja að ég sé alinn upp í þessu, því að pabbi var verkstjóri þegar Mjólklárvirkjun var stækkuð og Veturlíði Veturlíðason afi minn var líka verktaki þar. Ég ólst því upp með virkjunum þótt ég hafi ekki unnið við þær beint fyrir en núna.“

– Hvenær og hvernig kom HS-Orka inn í fyrirtækið með ykkur félögum þremur?

„Við fórum fyrst að ræða við þá fyrir þremur-fjórum árum og það var eiginlega í þriðju samningalotunni sem við náðum saman. Þeir vörðu miklum tíma í undirbúninginn og vönduðu sig vel, svo að þeir vissu nákvæmlega hvað þeir væru að gera áður en þeir skrifuðu undir.“

– Hefur ekki komið til greina að Orkubú Vestfjarða kæmi inn í þetta dæmi?

„Jújú, við buðum þeim þeim í samstarf, en áhuginn var enginn, verð ég að segja. Hann var aldrei fyrir hendi. Miðað við þá fundi

sem við höfum átt með öðrum orkufyrirtækjum, vinnu og peninga sem þau lögðu í undirbúning og könnunarviðræður, myndi ég segja að Orkubúið hafi ekki lagt nokkra einustu vinnu í að skoða þetta. Þessi samskipti sem við áttum við þá var meira í þá áttina að þeir væru að friða einhverja aðra með því að geta sagt að þeir hefðu talað við okkur.“

Enginn hafði talað við Sela-Pétur

– Hvernig kom fyrirtækið VesturVerk til og hvenær?

„Ég notaði þetta fyrirtæki þegar ég var að vinna fyrir kanadíska fyrirtækið Clearwater Seafoods úti í Taiwan. Þegar við fórum út í þessar virkjunarhugleiðingar þurftum við að hafa fyrirtæki til að halda utan um verkefnið og þá notuðum við það, og strákarnir komu þar inn þegar við fórum formlega af stað árið 2008 eða þar um bil.“

Það var nú eiginlega Hallvarður sem átti upptökin að því að við hringdum í Pétur Guðmundsson í Ófeigsfirði [innskot: hann er kannski best þekktur sem Sela-Pétur]. Það símtal kom okkur á óvart, það hafði aldrei nokkur maður minnst á hugsanlega virkjun Hvalár við hann, stærsta landeigandann. Það var líklega árið 2007. “

Hjónin bæði Ísfirðingar í húð og hár

Áður en nánar verður farið út í Hvalárvirkjun og tilhögun hennar skal hér vikið að Gunnari Gauki persónulega, uppruna og fjölskyldu og helstu æviatriðum.

Móðir Gunnars er Valdís Veturlíðadóttir frá Úlfás í Skutulsfirði, fyrrverandi bankagjaldkeri á Ísafirði, en blóðfaðir hans er Magnús Aspelund.

„Ég þekki hann ekki neitt,“ segir Gunnar. Sá sem hann kallar föður sinn var Steinþór Steinþórsson frá Brekku í Dýrafirði, eiginmaður Valdísar, lengst af vélstjóri á Ísafirði, jafnan nefndur Stonni.

Eiginkona Gunnars er Huguína Kristinsdóttir, bókhaldari í rækjuverksmiðjunni Kampa, upprunnin á Ísafirði eins og hann. Móðir Huguínar er Ólafía (Lóa) Aradóttir, sem lengi starfaði hjá Pólnum, en faðir hennar var Kristinn Jón Jónsson, rekstrarstjóri Vega-gerðarinnar á Vestfjörðum og félagsmálamaður.

Börn Gunnars og Huguínar eru þrjú, á aldrinum tuttugu og tveggja ára til þrjátíu og þriggja ára. Elst

er Aldís, bóndi á Svalbarði í Þistilfirði, síðan Steinþór Jón rafvirki, búsettur á Ísafirði en starfandi í Noregi, og yngstur er Egill Ari, sem er búsettur vestra og vinnur hjá 3X á Ísafirði. Steinþór á eina dóttur, Rakel Evu.

Vélstjóri á togurum í mörg ár

Gunnar Gaukur útskrifaðist á sínum tíma frá Vélskóla Íslands.

„Ég byrjaði hér á Ísafirði en fór svo suður og kláraði Vélsmiðju Björns og Halldórs.“

Eftir það fór ég til sjós sem vélstjóri á Víkingi III, Guggunni í sjö-átta ár, Bessanum í Súðavík einn vetur og tæp tvö ár á norskum rækjutogara. Í millitíðinni eða árið 1988 fer ég til náms í vél-tækni-fræði við Helsingør Teknikum í Danmörku og lýk því 1992.

Ég kunni ágætlega við mig á sjónum. Eftir að ég kom úr náminu varð ég að fara aftur á sjó til að losna við sjómennskuna úr mér.“

– Ertu þá laus við hana núna?

„Já, ég held að ég sé orðinn nokkuð laus við þetta. En það er aldrei að vita. Ég hef nú ekkert gaman af því að sitja yfir Excel-skjölum. Þegar búið verður að koma virkjunarverkefnunum á koppinn, þá eru sjálfsagt einhverjir aðrir sem taka við, maður veit ekkert um það. En það eru allavega líkur á því að þetta komist í framkvæmd og ég er mjög sáttur við að hafa komið þessu svona langt.“

Þrjú ár hjá Clearwater

Þegar Gunnar Gaukur kom heim að loknu námi á Helsingjeyri stofnaði hann fyrirtæki ásamt félögum sínum á Ísafirði, Guðmundi Högnasyni og Sigurði Jónssyni (Búbba), og vann þar í tvö-þrjú ár, en nefna má að samhliða því vann hann við útboð vegna sorpbrennslunnar Funa fyrir Ísafjarðarbæ. Því næst fór hann að vinna í Skipasmíðastöðinni á Ísafirði og var þar til 1997 en flutti sig þá til Ísfirðingsins gamla Bárðar Hafsteinssonar hjá Skipatækni í Reykjavík. Þar var hann fram til 2003 en réð sig þá til Clearwater Seafoods í Halifax í Kanada.

„Þar sáuðum við Guðmundur Högnason um hönnun á einu stærsta kúfiskveiðiskipi heims á þeim tíma. Ég var hjá Clearwater í þrjú ár. Lokahönnun skipsins sem þurfti að hafa eftirlit með fór fram í fjórum löndum. Ég ferðaðist því mjög mikið á þess-

„Hvalárvirkjun byggir á tveimur miðlunum vegar á því að veita á Rjúkanda yfir í Vatn vatn, sem verður aða arrými virkjunarinnur smærri miðlun ve an frá Neðra-Eyvind arvatni í gegnum vei yfir í inntakslón virk arinnar.“

um tíma, fór tvisvar í kringum hnöttinn á nokkrum vikum og var í tvö ár meira og minna í Taiwan þar sem skipið var smíðað.“

Fjölskyldan í þremur heimsálfum

Fjölskyldan var því lengst af í þremur heimsálfum þegar Gunnar Gaukur var hjá Clearwater, hann sjálfur í Asíu, eldri börnin tvö á Íslandi en Huguína og yngri strákurinn í Kanada.

„Þetta var eitt af því sem dró mann heim aftur, að við vorum út um allt og fjölskyldan lítið saman,“ segir hann. „Ég greip því tækifærið þegar 3X bauð mér að gerast framkvæmdastjóri fyrirtækisins og við komum heim.“

Þar starfaði Gunnar Gaukur í eitt og hálft ár en ákvað svo að söðla um og hefur síðan unnið sjálfstætt og selt vinnu sína verkfræðistofum á borð við Navis og Naust Marine. Þar er aðallega um að ræða skipahönnun og vélahönnun og fleira varðandi sjávarútveginn.

„Um þessar mundir er ég líka að teikna bæði fyrir Bárð Haf-

steinsson og Navis. En síðan ég hætti hjá 3X hef ég eiginlega verið að vinna jafnframt í þessu virkjanastússi með öðru.“

– Ertu þá að vinna kauplaust að þessu hugðarefni sem Hvalárvirkjun er, og aðrar virkjanir á svæðinu?

„Nei, eftir öll þessi ár er ég loksins núna að fá fyrstu launin. Núna í desember fór ég að fá greitt fyrir vinnuna mína, eftir að HS Orka kom með fjármagn inn í fyrirtækið. Fram að því var þetta bara unnið í sjálfboðavinnu.“

Konudagsblómin voru hestur og heyrúlla

Gunnar Gaukur hlær þegar hann er spurður um helstu áhugamál og viðfangsefni í tómstundum.

„Það snýst eiginlega allt um að koma þessu virkjanaverkefni áfram. Allur minn tími fer í það.“ Samt kemur í ljós að hann bregður sér á hestbak.

Gunnar og Huguína eru búsett að Ytri-Veðrará í Önundarfirði, skammt þar frá Breiðadalsmegin sem þjóðvegurinn liggur yfir

Á úr sér sjómennskunni

gíst upp
, annars
ánni
nalauta-
almiðlun-
ar. Önn-
rður síð-
arfjarð-
tugöng
jun-



Vöðin. Hvernig kom það til?

„Dóttir okkar hefur verið mikil hestakona alveg frá því að hún var krakki. Hún var með hest á Ísafirði og þannig kynntist maður hestamennskunni. Þegar hún var flutt í burtu fór móðir hennar að hafa áhuga á þessu og ég færði henni eitt sinn á konudaginn hest og eina heyrúllu. Það voru blómin frá mér. Þetta var eiginlega yfirbót, því að ég hafði aldrei fært henni blóm eða neitt á konudaginn.

Við vorum með þennan hest á Ísafirði, en svo voru vandamál að komast í hesthúsið einn veturinn, þannig að um vorið var ég að spekulera í því hvar maður gæti komið hestinum fyrir næsta vetur. Þá segir Gestur í Fagrahvammi að hann viti um hesthús fyrir mig, það sé jörð til sölu í Öndurarfirði. Við renndum hérna yfir og ég keyrði hér fram og til baka tvö-þrjú kvöld þangað til konan rak mig inn að spyrja manninn hvort hann vildi ekki selja. Ég var búinn að kaupa viku seinna.“

Ekki eru þau með neinn búskap

á jörðinni, aðeins fáeina hesta, og Gunnar bregður sér stundum á bak. „Ég hef bara engan tíma í það,“ segir hann.

Hugðarefnið Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði

Hvalá í Ófeigsfirði á Ströndum fær afrennsli af Ófeigsfjarðarheiði, frá vatnaskilum í liðlega 500 metra hæð yfir sjó. Vatnasviðið nær allt norður í suðurenda Drangajökuls og suður að vatnaskilum við Selá í Steingrímsfirði. Hvalá hefur verið mæld frá árinu 1949 og tiltækar eru samfelldar mælingar á rennsli hennar sem ná yfir tímabilið 1976 til 1994.

Mörgum leikur forvitni á að vita hvernig Hvalárvirkjun verði uppbyggð. Gunnar Gaukur svarar því hér í mjög grófum dráttum.

„Hún byggist upp á tveimur miðlunum, annars vegar á því að veita ánni Rjúkanda yfir í Vatnalautavatn, sem verður aðalmiðlunarrými virkjunarinnar. Önnur smærri miðlun verður síðan frá Neðra-Eyvindarfjarðarvatni í gegnum veitugöng yfir í inntakslón virkjunarinnar. Lónið verður

í Hvalárvatni, sem verður myndað með stíflu í Neðra-Hvalárvatni og lítilli stíflu í Dagverðardal.

Ætlunin er að stífla Hvalá við útfall Nyrðra-Vatnalautavatns og að stífla ána Rjúkanda rétt neðan við mót syðri og nyrðri kvísla hennar. Báðar stíflurnar verða um 23 metrar á hæð og mynda saman um 80 gígalíttra miðlun, sem við köllum Vatnalautamiðlun.“

Áttatíu milljón tonn af vatni í miðlunarlóninu

Því má skjóta hér inn til frekari glöggvunar, að einn gígalítri er einn milljarður eða þúsund milljónir lítra. Þannig eru 80 gígalítrar áttatíu milljarðar lítra eða 80 milljónir tonna af vatni.

„Frá Vatnalautamiðlun verður vatninu veitt um núverandi vatnsfarveg yfir í Hvalárvatn, sem verður inntakslón Hvalárvirkjunar. Efri- og Neðri-Hvalárvötn munu mynda inntakslónið. Byggð verður lág stífla í Dagverðardal og svo aðalstíflumannvirkið í Hvalá neðan Neðra-Hvalárvatns.

Aðrennsli til virkjunarinnar

verður í gegnum 2,7 kílómetra löng jarðgöng. Þá er líka gert ráð fyrir að veita rennsli Eyvindarfjarðarár úr Neðra-Eyvindarfjarðarvatni með jarðgöngum.

Stöðvarhús er fyrirhugað í hvelvingu í Strandarfjöllum. Frá munna aðkomuganga að hvelvingu eru um 1,6 kílómetrar. Munni ganganna verður um þrjá kílómetra frá bænum Ófeigsfirði.

Tengivirki verður byggt við væntanlegt op aðkomuganga, ásamt aðstöðuhúsi, sem inniheldur alla nauðsynlega aðstöðu til reksturs virkjunar á svo afviknum stað sem Ófeigsfjörður er.“

Atbeini þingmanna og sveitarstjórnarmanna nauðsynlegur

„Tenging virkjunarinnar er alfarið á hendi Landsnets og hefur ekkert með virkjunaraðilann að gera. Ákvörðun um hvert verður tengt er líka á hendi Landsnets. Það segir sig sjálft að ódýrasti tengikosturinn verður fyrir valinu, sem er að öllum líkindum suður í Geiradal í Reykhólahreppi. Hinn kosturinn væri að

tengja Hvalárvirkjun við norðanverða Vestfirði og þá við nýja spennivirkið í Holtahverfi á Ísafirði. Háspennulína suður yfir Ófeigsfjarðarheiði suður í Geiradal er nú þegar inni í samþykktu skipulagi Árneshrepps.

VesturVerk hefur beitt sér fyrir því að Hvalárvirkjun verði tengd svo að hún nýtist Vestfirðingum sem best, það er með tengingu til Ísafjarðar. Við ætlum að halda áfram að beita okkur fyrir því, enda nýtist virkjunin ekki Vestfirðingum sem skyldi nema það verði gert. Slík tenging verður ekki að veruleika öðruvísi en að þingmenn og sveitarstjórnarmenn beiti sér fyrir því.

Uppbygging raforkukerfisins á Vestfirðum er eitt stærsta uppbyggingar- og framfaramál sem þingmenn og sveitarstjórnarmenn Vestfjarða ættu að vinna að, þar sem stór hluti flutningskerfisins er orðinn gamall og úr sér genginn,“ segir Gunnar Gaukur Magnússon.

— hpm.

Tekur samrekstarhugmynd- um hafna með opnum hug

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur falið Guðmundi M. Kristjánssyni hafnarstjóra að ræða við forsvarsmenn í Bolungarvík og Súðavík um möguleika á aukinni samvinnu eða sameiningu hafna í sveitarfélögunum við Djúp. Pétur Georg Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir að Súð-

víkingar taki öllum svona viðræðum með opnum hug. „Það hefur verið mín skoðun að sveitarfélögin þrjú eigi að skoða alla samrekstrarmöguleika sem í boði eru til að tryggja sem bestu mögulegu þjónustu með hagkvæmni að leiðarljósi. Með meiri samrekstri tryggjum við meiri hag-

kvæmni í rekstri sem aftur styrkir sjálfstæði okkar,“ segir Pétur og bætir við tilfinningar tryggi ekki sjálfstæði sveitarfélaga heldur fjárhagslegur styrkur og góð afkoma.

Það verður tekið vel á móti hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar þegar hann ræðir við Súðvíkinga.

„Muggi fær kaffi, eina kleinu og nokkrar lygasögur úr sveitinni þegar hann kemur til viðræðna,“ segir Pétur Georg Markan. Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur, hefur sagt að Bolvíkingar séu tilbúnir til að ræða kosti og galla á þessum hugmyndum komi þær til formlegrar umfjöllunar.

Málið hefur ekki verið rætt í hafnarstjórn eða bæjarstjórn Bolungarvíkur. Ástæða þess að hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar fól hafnarstjóra að fara í þessar viðræður er könnun sem Hafnasambands Íslands lét gera í haust um sameiningu hafna.

– smari@bb.is

Tuttugu krakkar æfa skíðagöngu í íþróttaskóla HSV

Það eru margir öflugir skíðagöngumenn á Ísafirði sem hafa byrjað að æfa íþróttina á unga aldri. Íþróttaskóli HSV býður til að mynda upp á skíðagöngu sem hluta af skólanum og það eru um eða yfir tuttugu krakkar frá þeim sem mæta á æfingar þrisvar í viku undir stjórn Gunnars Bjarna Guðmundssonar yfirþjálfara. „Það eru tveir hópar sem æfa skíðagöngu þ.e. eru krakkarnir frá HSV sem eru á aldrinum 6-10 ára, eða í fyrsta til fjórða bekk og 11-12 ára krakkar. Það er líka flokkur 12 ára og eldri sem er þá unglinga- og keppnisflokkur og þar eru hátt í fimmtán krakkar en ég sé ekki um að þjálfar þau,“ segir Gunnar Bjarni.

„Við erum þrjú sem komum að þjálfun yngri hópanna, ég,

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir og Guðmundur Sigurvin Bjarnason. Svo fáum við aðstoð frá hinum og þessum skíðagöngumönnum svo það hjálpast allir að. Þetta gengur rosalega vel hjá krökkunum. Þau eru dugleg að mæta og fara eftir fyrirsmælum. Við æfum mikið í gegnum leik eins og íþróttaskóli HSV byggist á, tækniæfingar og aðrar æfingar eru þá faldar í leiknum sem gefst mjög vel og er skemmtilegt. Þetta er annað árið sem ég kem að þessum æfingum en fjórða árið sem HSV tók yfir skíðagönguæfingarnar svo fyrstu krakkarnir sem byrjuðu á þessu í fyrsta bekk eru að klára allt prógrammið núna.“

Íþróttaskóli Héraðssambands Vestfirðinga (HSV) hóf starfsemi



haustið 2011 og er samstarfsverkefni HSV, aðildarfélaga HSV og Ísafjarðarbæjar. Íþróttaskólinn er fyrir börn í 1.-4. bekk grunnskóla Ísafjarðarbæjar. Í skólanum er lögð áhersla á grunnþjálfun barna ásamt því að þau

fái þjálfun í flestum þeim íþróttagreinum sem í boði eru á eldri stigum aðildarfélaga HSV. Markmið skólans er að fá sem allra flest börn til að iðka íþróttir, að fyrstu kynni þeirra af íþróttaiðkun séu jákvæð, að börn fái að kynn-

ast sem flestum íþróttagreinum, auka gæði þjálfunar, lækka kostnað heimila við íþróttaiðkun barna og auka grunnþjálfunarluta æfinga, almenna hreyfingu, hreyfiproska og hreyfigetu.

– sfg@bb.is

Björgunarsveitir og bólusetning

Hver skyldi ábyrgð einstaklinga vera þegar um er ræða málefni sem varða almenning? Um tvennt er að ræða. Veður var slæmt um síðustu helgi og ofsavæðri hafði verið spáð á Suður- og Suðausturlandi svo það sé sérstaklega til tekið. Vegum var lokað og voru enn lokaðir austan Víkur eftir helgina Færð var slæm víðar en á Vestfjörðum, líka fyrir sunnan. Veturinn hefur verið erfiður þar, ítrekaðar lokanir vega. Stutt er síðan hundruð manna voru veðurteppt norðan Holtavörðuhéiðar. Saga var sögð af konu sem hafði virt lokun að vettugi. Þrátt fyrir það sóttu hinir þolinmóðu og duglegu björgunarsveitarmenn konuna þangað sem hún hafi fest bíl sinn. Það var henni ekki nóg að hafa lent í vandræðum vegna óskammfeilni sinnar. Hún lagði af stað á ný og sagan endurtók sig. Í það skiptið var þrautseigu björgunarsveitarfólki nóg boðið og hún hlaut þau örlög að biðja þess að vegurinn yrði opnaður um-ferð á ný. Engin leið er að geta sér um hvað fer fram í hugskoti fólks sem hugsar á þennan veg.

Það er lán Íslendinga að eiga björgunarsveitirnar að, dugandi og ósérhlífð fólki sem telur ekki eftir sér að fara ítrekað af stað við erfiðar aðstæður og í hvers konar óveðri sem er til þess að bjarga öðrum. Er ekki kominn tími til að hugsa málið upp á nýtt? Ekki viðunandi að senda björgunarsveitarfólk af stað í snarvitlausu veðri að leita að ofurhuga sem kys, þrátt fyrir veðurspá að fara í gönguferð upp í hálendinu einn síns liðs. Það gerðist um liðna helgi. Sem betur fer fannst sú kona

heilu og höldnu í skála við Mýrdalsjökul. Í skálanum var talstöð sem hún notaði ekki. Þótt hún hafi verið með tæki sem senda átti upplýsingar á 12 stunda fresti voru lágmarks mannaðiðir að láta vita af sér. Henni hefði mátt vera ljóst að í því ofsavæðri sem geisaði hlýti fólk að hafa áhyggjur. Konan sat í skjóli. Tugir björgunarsveitarmanna leituðu á meðan, fólk sem á fjölskyldur er hafa af þeim áhyggjur. Nú verða allir að setjast niður og ræða þessi mál af yfirvegun og festu. Óviðunandi er að kalla út björgunarsveitir sjálfboðaliða ítrekað til þess að leita fólks sem lítið eða ekkert tillit tekur til annarra, alveg óháð því hvað gerðist um helgina. Koma þarf skipulagi á ferðir fólks um óbyggðir og vegi, gangandi og akandi á alls kyns farartækjum, í hvers konar veðri sem er, þrátt fyrir veðurspár og lokanir vega. Hér þarf nýja hugsun.

Hið sama er uppi á teningnum varðandi þá sem vilja ekki láta bólusetja börn sín og setja þar með þau og aðra í hættu vegna smitsjúkdóma. Hér þarf meira en fræðslu Landlæknis. Brýnt er að kenna börnum í grunnskólum um sjúkdóma og mikilvægi þess að börn og aðrir fái þær bólusetningar sem til þarf. Skylda verður fólk til þess að börn þeirra séu bólusett. Eyða þarf útbreiddum misskilningi um bólusetningar og að þær hafi slæm áhrif á börn. Þar reynir meðal annars á fjölmiðla sem sumir hverjir hafa lapið upp vitleysuna án hugsunar. Fólk sem hugsar líkt og hér hefur verið lýst sýnir af sér fullkomið ábyrgðarleysi gagnvart samborgurum sínum.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað viku-
lega pistla í **Bæjarins
besta** í mörg ár. Skoð-
anir hans á mönnum
og málefnum hafa oft
verið umdeildar og vak-
ið umræður. Þær þurfa
alls ekki að fara saman
við skoðanir útgefenda
blaðsins. Þrátt fyrir það
bera ábyrgðarmenn
blaðsins ábyrgð á skrif-
um **Stakks** á meðan
hann notar dulnefni sitt.

Gísli Halldór launahæstur

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar er launahæsti bæjarstjórinn og/eða sveitarstjórinn á Vestfjörðum, samkvæmt úttekt blaðsins Vestfirðir. Föst laun hans voru 1.220.000.- krónur á mánuði þegar hann var ráðinn og eru þau hækkuð um hver áramót sem svarar hækkan á launavísitölu. Indriði Indriðason, sveitarstjóri

á Tálknafirði er með lægstu mánadarlaunin eða tæpar 700 þúsund krónur á mánuði.

Eliás Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík var 1.078.802.- krónur á mánuði og er annar launahæsti bæjarstjórinn. Þá kemur Pétur Markanm sveitarstjóri í Súðavík með 850.000.-, þá Andrea K. Jónsdóttir sveitarstjóri í Strandabyggð með kr.

849.579.-, þá Ásthildur bæjarstjóri í Vesturbyggð með kr. 823.632.-, þá Inga Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri í Reykhólahreppi með 800.000.- krónur og loks Indriði sveitarstjóri á Tálknafirði með 696.169.- krónur.

Gísli Halldór fær ekki frekari launagreiðslur en að framan kemur, en hann fær greitt fyrir síma og tölvutengingu. Ásthildur

fær 25 þúsund króna mánaðarlegan símastyrk og fastan bílastyrk sem svarar til 850 km aksturs. Eliás fær einnig fastan bílastyrk upp á 1000 kílómetra á mánuði og greitt fyrir farsíma. Pétur Markan fær ekki frekari greiðslur en um samning mánaðarlaun. Andrea fær greitt fyrir síma og fartölvu, Indriði fær greitt fyrir afnot af síma.



Verkferlar verði byggðir á lærdóms-skýrslunni

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið láta gera lærdómsskýrslu um flóðin á Ísafirði fyrir stuttu. Herdís Sigurjónsdóttir, ráðgjafi hjá VSÓ, hefur verið ráðinn til verksins. Efnistösk skýrslunnar verða m.a. að safna saman reynslu starfsmanna bæjarins og annarra viðbragðsaðila við vinnuna, kortleggja viðbrögð og skoða fyrirbyggjandi verkferla, kortleggja samskipti bæjarstarfsmanna við samstarfsaðila s.s. lögreglu og björgunarsveitir í aðgerðinni.

Þá leggur Herdís til að áhrifasvæði flóðanna verði skoðuð og borin saman við þekkt flóð og að kannað verði hvort framkvæmdis, svo sem við varnagarðana, hafi haft áhrif á flóðin. Lagt er til að mótaðir verði verkferlar sem m.a. byggja á lærdómsskýrslu vegna vatnsflóða. Verkferlarnir yrðu nýttir í þeim tilfellum sem þörf er á samhæfingu viðbragða innan sveitarfélagsins, jafnt í daglegu starfi sem á hættu- og neyðartímum. Kostnaður við gerð skýrslunnar og mótnun viðbragsferla er áætlaður á bilinu 1,5 til 1,8 milljón kr.



Álagningin hæst en fasteignagjöldin lækka

Álagningarprósenta fasteignagjalda er hæst í eldri byggðinni á Ísafirði af þeim fimmtán sveitarfélögum sem tekin voru fyrir í könnun Alþýðusambands Íslands. Í könnuninni er Ísafjarðarbær ekki tekin sem heild, heldur eru tölur fyrir eldri byggðina á Ísafirði notaðar. Álagningarprósantan er 0,625% af fasteigna-

mati og stendur í stað milli ára. Hinsvegar lækka fasteignagjöld í eldri byggð Ísafjarðar vegna lækkunar á fasteignamati. Lækkunin á fjölbýli nemur 6,4% og í sérbýli 5,5%. Þegar álagningarprósenta er skoðuð verður að hafa í huga að gífurlegur munur er á fasteignamati milli landssvæða og milli ólíkra hverfa sveitarfél-

laga.

Álagningarprósenta fasteignagjalda er óbreytt hjá níu sveitarfélögum af fimmtán. Þrjú sveitarfélög hækka gjöldin. Mesta hækkunin er hjá Reykjanesbæ um 67%, hjá sveitarfélaginu Árborg um 9% og Fjarðarbyggð um 7%. Þau sveitarfélög sem lækka álagninguna eru Garðabær um

8%, Seltjarnarnes 5% og Kópavogur 2%. Þegar tillit hefur verið tekið til breytinga á fasteignamati, hækka álögð fasteignagjöld í flestum sveitarfélögum, þrátt fyrir að nokkur þeirra lækki álagninguna. Mesta hækkunin er hjá Reykjanesbæ bæði í sérbýli og fjölbýli, þar hækka fasteignagjöld um 70%. — smari@bb.is

Sælkerar vikunnar eru Hafdís Gunnarsdóttir og Neil Shiran Þórisson á Ísafirði

Lime kjúklingur með taílensku ívafi

Þessi uppskrift er stöðugt í þróun og er tekin úr ýmsum áttum en taílensk matargerð er grunnurinn í uppskriftinni. Fiskisósan (e. Fish sauce), limebörkurinn og limesafinn gefa aðalréttinum einkennandi bragð. Þennan rétt er hægt að einfalda mikið og t.d. bera fram með grjónum í staðinn fyrir kartöflumúsina og sleppa karrýsósunni þar sem kjúklingurinn er bragðmikill og safaríkur.

Kryddlögur fyrir kjúkling

1 kúfuð matskeið af hökkuðum hvítlauk
1 kúfuð matskeið af hökkuðum engifer
1 bolli af olíu
1-2 matskeiðar af fiskisósu (e. Fish Sauce)

Rifinn börkur af einu lime og safinn úr ávextinum kreistur út í löginn.

1 kg af kjúklingabringum sett í ofangreindan kryddlög og látið ligggja í eina klst.

Kjúklingabringurnar eru settar í ofnfat, fatinu er svo lokað með álpappír og steikt við 200°C hita í 40-45 mínútur miðað við stærð á bringunum. Gott er að hafa kryddlögin allan með í ofnfatinu og það myndast bragðmikið soð í fatinu sem gott er að nota til þess að bragðbæta karrýsósuna.

Spínat karftöflumús

1 kg af bökunarkartöflum:
Flysjaðar og skornar í teninga, soðið í salt vatni og sigtað.
Í pott er sett góð klípa af smjöri

og kartöflurnar settar í pottinn ásamt 1 dl af rjóma. Þetta er svo stappað með kartöflustappara. Undir lokin á stoppuninni er settur svo einn poki af grófsöxuðu spínati og kartöflumúsinn smökkuð til með salti og pipar.

Rauð karrýsósá

Hálfur maukaður laukur
1 matskeið af maukuðum hvítlauk
1-2 matskeið Thailenskt rautt karrýmauk
1 bolli kjúklingasoði (kjúkl-ingateningur og heitt vatn) og soð úr ofnfati líka
Rifinn börkur af 1 lime ávexti.
1 tómatur fínsaxaður
Smakkað til með fiskisósu
1-2 bollar af rjóma
1 teskið af hunangi



Olía sett á pönnu. Laukurinn og hvítlaukurinn er steiktur á pönnu þangað til að maukið er farið að brúnast lítillega, þá er karrýmaukið sett út í og steikt saman við í nokkrar mínútur. Fínsöxuðum tómötum svo bætt við ásamt kjúklingasoði (og soði úr ofnfati frá kjúklingnum) og soðið niður í 5-10 mínútur. Í

lokin er settur limebörkur, rjómi, hunang og fiskisósá og má smakka sósuna varlega til með fiskisósunni (mikið saltbragð). Sósan látin malla í nokkrar mínútur.

Við skorum á Magnús Hansson á Patreksfirði að koma næst með gómsæta og þjóðlega uppskrift.



Sportið í beinni...

Fimmtudagur 26. febrúar

kl. 18:00 Fiorentina - Tottenham
kl. 18:00 Besiktas - Liverpool
kl. 20:00 Everton - Young Boys

Laugardagur 28. febrúar

kl. 12:45 West Ham - Crystal P
kl. 15:00 WBA - South.p.ton
kl. 15:00 Granada - Barcelona
kl. 15:00 Burnley - Swansea
kl. 15:00 Man. Utd - Sunderl.
kl. 15:00 Newcastle - Aston V
kl. 15:00 Stoke - Hull

Sunnudagur 1. mars

kl. 11:00 Valencia - Real S.
kl. 11:45 Liverpool - Man. City
kl. 14:00 Arsenal - Everton
kl. 16:00 Chelsea - Tottenham
kl. 20:00 Real M - Villarreal

Þriðjudagur 3. mars

kl. 19:45 Hull - Sunderland
kl. 19:45 Aston V - WBA
kl. 19:45 South.p.ton - Crystal P

Miðvikudagur 4. mars

kl. 19:45 Newcastle - Man. Utd
kl. 19:45 West Ham - Chelsea
kl. 19:45 Stoke - Everton
kl. 19:45 Man. City - Leicester
kl. 19:45 QPR - Arsenal
kl. 19:45 Tottenham - Swansea
kl. 20:00 Liverpool - Burnley

Dagar Íslands

eftir Jónas Ragnarsson

26. febrúar 1994: Magnús Scheving sigraði með yfirburðum á Evrópumeistaramóti í þolfimi.

27. febrúar 1953: Barnaskólahúsið í Hnífsdal f auk af grunni og gjöreyðilagðist í stórvíðri af suðvestri. Í húsinu voru tveir kennarar og 36 börn og slösuðust sum þeirra.

27. febrúar 1975: Samþykkt var að friðlýsa Hornstrandir norðvestan Skorarheiðar í Norður- Ísafjarðarsýslu.

28. febrúar 1950: Clam, breskt olíuskip, fórst við Reykjanes með 27 mönnum.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

NA 8-15 m/s og él en síðan austan 8-13 m/s um kvöldið með snjókomu. Frost 0-7 stig.

Horfur á laugardag:

SA 5-13 m/s og él, en hægari norðanlands og austan. Hiti breytist lítið.

Horfur á sunnudag:

Útlit fyrir norðan hvassviðri með ofankomu. Frost 0-5 stig.



		KROTA	BLÓM	TIGNA		TVEIR EINS	HREKJAST	RÓL
ÁTELJA								
SKJÖGUR					SKYGGNI			
					ERFIDI			
SAMTALS						LISTA-MAÐUR		
						VERKFÆRI		
MINNKA								ÁSAMT
	↓	VAGA	SMÁORÐ	SAMTÖK		AFTURENDI		
				AÐ		MOKA		
ÚTBÍA					HAMINGJA			
					DVELJA			
RAUÐUR				SELUR				VANSÆMD
				RYKKUR				
ÍPRÓTTA-FÉLAG			LJÁ			STILLA		
			SPÍRA			STIG		
EINATT				SLITRÓTT TAL			ÖFUG RÖÐ	
				RANNSÓKNIN			SARG	
JAPLA					TÚN			PIRRA
					ÁVINNA			
		SKÓFLA				NEFNA		
		HUGREKKI				HINDRA		
TUNGL				PUNGI				LIPURÐ
KIND			TALA			LOFT	Í RÖÐ	
			BEIN				BÓK-STAFUR	
NÁM				VOPN				
				ÁTT				
ÖTULL					STERKA			
BRESTA					KAFMÆÐI			

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS



GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is



JARÐAR

Lausn á síðustu krossgátu

		MAR- BENDILL	SNÚÐA	TÖNLISTAR- STEFNA	FYRSTUR	Í RÖÐ	ANGAN	FARVEGUR
	FÖT	S	P	J	A	R	I	R
	HEIDUR	Æ	R	A	BERJA BLÖKK	S	L	Á
	MEST	B	E	S	T	SJÚK- DOMUR ÚRRÆÐI	M	S
	SKYNDI- SALA	Ú	T	S	A	L	A	TOGA
	VEIKJA							
	↓	SMÁBÁTUR	FARFA RÖMVERSK TALA	L	I	T	L	A
				LÁÐ LEIKA				
KNÚSAST	K	E	L	A	HEIMSÁLFA UPPSKRIFT	A	S	Í
RYSKINGAR	R	I	M	M	A	NÖBLUR KUSK	P	A
KLAFI	O	K	VEIDI TAMNING	A	F	L	I	N
TALA	S	J	Ö	LEIKTÆKI URÐAD	R	Ó	L	A
RAKI	S	A	G	G	I	SÁL SANTALS	A	N
	S	SKERGÁLA NIDUR- LEIJA	U	R	T	A	SAKEYRIR SPILLA	S
ÁNA	A	S	N	A	KEPPNI NÚLL	L	E	I
KRINGUM	U	M	HESTUR VERKUR	F	O	L	I	K
FÉLAGI	M	Á	T	I	STYKKI SANTÖK	S	T	K
YNDIS	U	N	A	Ð	S	SEFAST	R	Ó
NÍÐA	R	A	K	K	A	ILLOGRESI	A	R

Sudoku þrautir

3		1		5		9	6	2
				3	4			
				9	2		4	
				6	2		4	3
		4	9					
5	7	2					9	6
			2		9		7	4
	5						2	9
1	2	9	5					

6	7	9	3					
4			7	9	2			6
	1		5	8	6		4	
		8						
		3	1	6	8	2	9	7
2		7		5	9	3		
						9		
8	5		9	2	1			
9	3			4	7	5	8	2



Frá undirskrift samningsins, f.v.: Freygerður Ólafsdóttir, frá Íslandsbanka, Guðni Ólafur Guðnason, gjaldkeri KFÍ og Hallgrímur Magús Sigurjónsson, útibússtjóri.

Íslandsbanki einn helsti bakhjarl KFÍ

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar og Íslandsbanki hafa framlengt samstarfssamning um eitt ár. Bankinn hefur um langt árabil verið einn af helstu bakhjörllum KFÍ og stutt dyggilega við bakið á körfuboltanum á Ísafirði.

Styrkur Íslandsbanka skiptist þannig að 40% hans rennur til barna- og unglingaráðs KFÍ og 60% til almennrar starfsemi félagsins.

Póstlisti fyrir tilkynningar

Vestfirðingar eru þaulvanir rafmagnstruflunum. Orkubú Vestfjarða hefur á undanförunum árum verið að bæta til muna miðlun upplýsinga þegar truflanir verða, sem snerta viðskiptavinum þess. Nú hefur verið settur upp póstlisti fyrir tilkynningar. Þeir sem skrá sig á póstlistann fá sendar tilkynningar í tölvupósti um leið og þær eru birtar á vefsvæði Orkubúsins.

Einnig hefur verið bætt ferlið við birtingu tilkynninga á vefsvæði og Facebook-síðu Orkubúsins til að þær berist til sem flestra á sem skemmstum tíma. Auk Facebook-síðunnar og póstlistans, sendir Orkubúið frá sér tilkynningar um rafmagnstruflanir á Twitter og á vefsíðu Orkubúsins.

Ræða við íþróttafélögin

Íþrótt- og tómstundanefnd Ísafjarðarbær leggur til að sveitarfélagið fari í viðræður við fimm íþróttafélög um uppbyggingarsamninga. Félagin eru Skíðafélag Ísfirðinga, KFÍ, Hörður, Boltafélag Ísafjarðar og Gólkúbbur Ísafjarðar.

Félagin hafa öll sent inn drög að uppbyggingaráætlun og eiga viðræðurnar að taka mið af þeim. Uppbyggingaráætlun íþróttamannvirkja, sem samþykkt var á síðasta ári og unnin í fullri sátt við íþróttahreyfinguna verður einnig höfð til hliðsjónar.

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Öll almenn húsasmíði

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERKSTÆÐI SB SMURSTÖÐ
SINDRAGÖTU 3 VARAHLUTAVERSLUN
SÍMI: 456-3033 HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is


OG

JARÐAR

HRADFREYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær niðring sjávarauðlinda



NÝTT JÓGÚRT FRÁ ÖRNU



50% minni viðbættur sykur

Nýja jógúrtið frá Örnú, mjólkurvinnslunni í Bolungarvík, er þróað til að koma til móts við óskir neytenda um hollari og sykurminni mjólkurvörur. Í jógúrtið er notuð blanda af sykri og Steviu, en það er 100% náttúrulegt sætuefni. Jógúrtið inniheldur einungis 2% af viðbættum sykri en hefur samt góða fyllingu og bragðast vel.



Stevia er 100% náttúrulegt sætuefni sem unnið er úr laufum Stevia-plöntunnar. Í jógúrtið okkar notum við Steviu frá Via-Health sem framleidd er á Íslandi með hreinu íslensku vatni.

VIA-HEALTH

Arna ehf. Mjólkurvinnslan í Bolungarvík • laktosafritt.is

